



Steinull hf.
Skarðseyri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 16. nóvember 2020
UST202003-314/H.R.A.
08.08.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. október sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávikna er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í steinullarverksmiðju Steinullar hf. á Sauðárkróki þann 24. september sl. Frestur var veittur til 9. nóvember til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.8 í starfsleyfi og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Þykktarmæla skal olíugeyma á tíu ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á fimm ára fresti. **Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur eldri olíutanki verið skipt út fyrir nýjan og telst úrbótum því lokið.**
- 2. Gr. 2.2 í starfsleyfi.** Ryk í útblæstri verksmiðjunnar skal vera undir 30 mg/Nm³. Í síðustu mælingu var ryk of hátt en farið var í úrbætur. Enn á eftir að sýna fram á með mælingum að úrbæturnar hafi haft tilætluð áhrif. **Rekstraraðili lagði fram skýrslu frá NMÍ um mengun í útblæstri. Þar kom fram að rykmengun er undir viðmiðunarmörkum starfsleyfis.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur



UMHVERFIS
STOFNUN

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra